

Ár 2001, föstudaginn 1. júní kom úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman að Borgartúni 20 í Reykjavík til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 2/2001

**Bella símamær ehf.**

**gegn**

**Póst- og fjarskiptastofnun.**

Fyrir nefndinni lá ódagsett kæra, sem barst 25. apríl 2001 frá Bellu símamær ehf., Pverholti 15, Reykjavík, þar sem kærðar eru þær ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar frá 27. mars 2001 um að hafna úthlutun á stuttnúmerinu 1313 til fyrirtækisins og jafnframt umsókn um rekstrarleyfi.

Hvað varðar kæru um höfnun á rekstrarleyfi, þá segir í greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar að hún teldi að í kæru Bellu símameyjar fælist ekki kæra um höfnun rekstrarleyfis. Bella símamær áréttaði þá með símbréfi til nefndarinnar dags. 23. maí 2001 að í kærinni fælist einnig kæra til nefndarinnar um höfnun á rekstrarleyfi. Var þá ákveðið að gefa Póst- og fjarskiptastofnun kost á að skila framhaldsgreinargerð um það kærutriði.

Hafa aðilar málsins skilað til nefndarinnar greinargerðum ásamt fylgigögnum, þar sem þeir gera grein fyrir kröfum sínum og sjónarmiðum.

Kröfur sóknaraðila í greinargerð eru svohljóðandi: “Geri þá kröfu að úrskurður stofnunarinnar verði felldur úr gildi, og Bellu símamær ehf. veitt númerið 1313 eins og sótt hefur verið um. Til vara geri ég þá kröfu að Póst- og fjarskiptastofnun verði gert að afturkalla úthlutun númeranna 1770, 1818 og 1444”.

Í símbréfi dags. 23. maí 2001 segir sóknaraðili að einnig sé kærð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um synjun á rekstrarleyfi eins og áður sagði.

Varnaraðili gerir þá kröfu að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 27. mars 2001 verði staðfest.

Aðilar málsins eru sammála um að munnlegur málflutningur fyrir nefndinni sé ekki nauðsynlegur og verður því úrskurðað í málinu á grundvelli framkominna gagna.

Málavextir eru þessir:

Starfssemi fyrirtækisins Bella símamær ehf. (B) hefur verið símsvörun frá 1997, eins og segir í bréfi þess til samgönguráðuneytisins dags. 27. desember 2000. Þar segir enn fremur um starfssemi þess: “Fyrirtækið ætlar að hefja upplýsingagjöf til almennings á víðum grunni, þar sem veittar verða allar upplýsingar, sem finna má á internetinu, eftir óskum þeirra sem inn hringja, auk þess að taka að sér að senda SMS skilaboð fyrir þá sem óska. Allur búnaður er fyrir hendi, bæði á skrifstofu félagsins í Reykjavík og Suðureyri og víðar um land. Sérstaklega hefur verið útbúið forrit, sem auðveldar leit að kennitölum, símanúmerum, netföngum, kvikmyndum í kvikmyndahúsum, kristilegum samkomum, AA fundum og fl. ”.

Í kæru B til nefndarinnar er starfsseminni lýst þannig: “kærandi, Bella símamær ehf. veitir öðrum félögum og einstaklingum símsvörunarþjónustu, veitir upplýsingar um símanúmer og ýmsar upplýsingar af veraldarvefnum, og rekur upplýsingavefinn stora.is, sem er netfangaskrá, gular síður og fl.”

Með bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 28. september 2000, sótti B um símanúmerið 1919 og var jafnframt tekið fram að það yrði notað til að gefa upplýsingar um símanúmer ofl. Í svari PFS frá 28. september 2000 var erindinu synjað, m.a. með þeim rökum að PFS úthluti ekki númerum og númeraröðum til annarra en þeirra, sem fengið hafi rekstrarleyfi frá stofnuninni. Í bréfi B til PFS dags. 29. september 2000 er umsóknin um 4- stafa númer ítrekuð, helst 1919. Í sama bréfi er nú jafnframt sótt um rekstrarleyfi vegna fjarskiptaþjónustu. Erindi þessu var svarað af PFS með bréfi dags. 3. nóvember 2000, þar sem B er synjað um rekstrarleyfi, þar sem sú lýsing á þjónustu sem B gaf, þarfnist ekki sérstaks rekstrarleyfis frá PFS. Um sé að ræða virðisaukandi þjónustu, sem sé rekin ofan á fjarskiptaneti Landssímans, Íslandssíma og Tals og því falli starfssemin ekki undir skilgreiningu fjarskiptalaga á fjarskiptaþjónustu. Í sama bréfi segir einnig varðandi umsókn um 4- stafa númer að stuttnúmerum sé eingöngu úthlutað til rekstrarleyfishafa en um úthlutun númera gildi reglur nr. 6/1999. Í þeim reglum sé gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafi veiti aðeins upplýsingar með 4- stafa númerum, sem tengist rekstri hans. B leitaði þá til samgönguráðuneytisins með bréfi dags. 8. nóvember 2000, þar sem þess var farið á leit að ráðuneytið hlutaðist til um að B fengi rekstrarleyfi og 4- stafa númer. Í svari ráðuneytisins kom fram að samkvæmt reglum PFS um úthlutun númera geti einungis rekstrarleyfishafar fengið úthlutað þjónustunúmerum, þ. e. 3- eða 4- stafa númer. Að öðru leyti var vísað til afgreiðslu PFS um málið. Með bréfi dags. 13. mars 2001 ítrekaði B fyrri beiðni um rekstrarleyfi og úthlutun stuttnúmers, sérstaklega númerið 1313. Með bréfi PFS dags. 27. mars 2001 var erindinu hafnað með sömu rökum og áður, auk þess sem gerð var grein fyrir úthlutun á sex 4- stafa númerum, sem B hafði gert athugasemdir við.

### **Rök sóknaraðilans Bellu Sínameyjar ehf. eru þessi:**

B bendir á, kröfum sínum til stuðnings að helstu keppinautar félagsins, Miðlun og Markhúsið hafi bæði yfir að ráða 4- stafa númerum, 1444 og 1818. Þá hafi Læknavaktin fengið úthlutað númerinu 1770. Úthlutun númersins 1818, sem Tal hafi fengið úthlutað, sé notað af Markhúsinu skv. sérstökum verksamningi við Tal en númerið sé ekki eingöngu notað til að veita upplýsingar um “þjónustu sem rekstrarleyfishafinn veitir” og því brot á reglugerð stofnunarinnar. Þá hafi númerinu 1444 verið úthlutað til Íslandssíma, sem í framhaldinu hafi gert samning við Miðlun um að annast símsvörun fyrir sig. Hins vegar auglýsi Miðlun númerið sem sitt. Úthlutunin brjóti því gróflega gegn reglugerð stofnunarinnar. Jafnframt er á því byggt að neitun PFS sé brot á samkeppnislögum. Engin rök er að finna í greinargerð né öðrum gögnum varðandi synjun um rekstrarleyfi.

### **Rök varnaraðila Póst- og fjarskiptastofnunar eru þessi:**

Í upphaflegum reglum um skipulag númera, númeraraða og vistfanga nr. 680/1997, sem sóttu stoð sína í þágildandi lög nr. 147/1996 um Póst- og fjarskiptastofnun og fjarskiptalög nr. 143/1996, hafi komið fram að markmið skipulags um notendanúmer hafi verið að kveða á um úthlutun númera fyrir mismunandi þjónustu og ákveða forgangs röðun. Skipulaginu hafi verið ætlað að tryggja rekstrarleyfishöfum, sem veita fjarskiptaþjónustu, aðgang að númerum fyrir notendur sína og að tryggja notendum hverjum fyrir sig númer sem tengist honum einum og gerir öðrum kleift að beina til hans

fjarskiptaboðum. Að PFS úthluti ekki númerum og númeraröðum til annarra en sem fengið hafa rekstrarleyfi hjá stofnuninni. Í 6. gr. reglnanna segi að rekstrarleyfishöfum talsíma, samnets og farsímaþjónustu skuli úthlutað 4- eða 5- stafa þjónustunúmerum. Númerareglurnar hafi verið endurskoðaðar 1999 og gefnar þá út nr. 6/1999 þann 5. janúar 1999. Þar segi í nýjum 6. tl. 7. gr. að sérstökum 4- stafa númerum, sem byrji á 17, megi ráðstafa til opinberra stofnana í því skyni að upplýsa almenning um ástand sem varði öryggi fólks. Þá hafi númerum til ráðstöfunar verið fjölgað með því að bæta við númeraröð, sem byrjar á 14. Síðan hafi reglurnar verið endurskoðaðar aftur í lok ársins 2000, sbr. reglur nr. 832/2000. Litlar breytingar hafi þá verið gerðar á ofangreindum ákvæðum.

Með vísan til þessa sé fullyrðing B ekki rétt að PFS hafi sett reglur eftir að umsókn B hafi borist en fram að þeim tíma hafi ýmsar veitingar átt sér stað hjá stofnuninni. Hvað varði 4- stafa númer, sem B gerir athugasemdir við, vill PFS taka fram eftirfarandi: Númerinu 1717 til Læknavaktarinnar hafi verið úthlutað 28. nóvember 1998 í gildistíð reglna nr. 680/1997. Enda þótt heimild til þess hafi þá skort hafi sú ákvörðun engu að síður verið tekin, þar sem stutt var í rýmkun reglnanna, sbr. reglur nr. 6/1999. Í umsókn Læknavaktarinnar um stuttnúmer hafi komið fram að fyrirtækið hefði gert samning við heilbrigðisráðuneytið og því litið svo á að um væri að ræða að einhverju leyti yfirtöku á opinberri þjónustu. Eftir á litið hafi ákvörðunin byggt á rangri forsendu en það réttlæti ekki að númeraskipulaginu verði kollvarpað.

Að það sé rangt, sem haldið sé fram af B um að einungis megi gefa upplýsingar um númer hjá því fjarskiptafyrirtæki, sem hafi fengið stuttnúmeri úthlutað, sbr. 1. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, þar sem gert sé ráð fyrir að tryggt skuli að öllum notendum sé opin a.m.k. ein símaupplýsingaþjónusta, sem hafi upplýsingar um öll símanúmer. Þá sé m.a. tekið fram í rekstrarleyfum til fjarskiptafyrirtækja að veittar skuli upplýsingar um símanúmer annarra rekstrarleyfishafa enda hafi þeim verið tryggður aðgangur að þeim.

Þá er því mótmælt að úthlutunin til Tals á númerinu 1818 og Íslandssíma á 1444 sé brot á umræddum reglum. Jafnframt að ef númerin séu misnotuð á einhvern hátt sé það sérstakt mál, sem PFS sé með í vinnslu.

Hvað varði þá ákvörðun stofnunarinnar um synjun á rekstrarleyfi sé á því byggt að sú starfssemi sem sóknaraðili lýsi sé virðisaukandi, rekin ofan á fjarskiptaneti Landssímans, Íslandssíma og Tals. Samkvæmt 4. gr. fjarskiptalaga séu rekstrarleyfi aðeins gefin út í tveimur tilvikum, þ.e. þegar aðili reki fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu. Sóknaraðili geri hvorugt í skilningi 3. gr. 9. og 11. töl. fjarskiptalaga. Starfssemin falli því ekki undir skilgreiningu fjarskiptalaga á fjarskiptaþjónustu og þarfnist því ekki rekstrarleyfis frá PFS.

### **Niðurstaða:**

Þegar umsókn B barst PFS voru í gildi reglur nr. 6/1999 um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga. Þegar endanleg afgreiðsla PFS á beiðni B átti sér stað höfðu gengið í gildi samnefndar reglur nr. 832/2000. Fyrirnefndu reglurnar sóttu upphaflega lagastoð sína í þágildandi l. um fjarskipti nr. 143/1996 og Póst- og fjarskiptastofnun nr. 147/1996, en þær síðarnefndu í ný lög um sama efni, lög nr.

107/1999 og 110/1999. Eftir afnám fyrrnefndu laganna sóttu báðar þessar reglur lagastoð í 3. gr. 14. tl. 1. nr. 110/1999 og 32. gr. 1. nr. 107/1999.

Í 2. gr. reglna nr. 6/1999 eru skilgreind sem þjónustunúmer til rekstrarleyfishafa 3- eða 4-stafa númer, sem veiti aðgang að sérstakri þjónustu. Efnislega kemur það sama fram í 2. gr. reglna nr. 832/2000.

Að mati nefndarinnar hefur PFS allan rétt að lögum til að ákveða fyrirkomulag um úthlutun númera, þ.m.t. stuttstafa númera, enda sé í þeim efnum gætt fyllsta jafnræðis og málefnalegar forsendur látnar ráða að öðru leyti.

Ljóst er að þær reglur sem gilda um ágreiningsefnið gera ráð fyrir að 4- stafa númerum verði eingöngu úthlutað sem þjónustunúmerum til rekstrarleyfishafa í fjarskiptaþjónustu.

Nefndin telur að þessi ákvæði brjóti ekki gegn samkeppnisreglum enda eru þau byggð á málefnalegum forsendum.

Varakrafa sóknaraðila um afturköllun á úthlutun þriggja 4- stafa númera hefur aldrei komið til meðferðar hjá PFS. Þegar af þeirri ástæðu ber að vísa henni frá nefndinni.

Að öllu þessu virtu telur nefndin að synjun PFS á því að úthluta númerinu 1313 til B byggi á lagalegri heimild.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um rekstrarleyfi þá er nefndin sammála túlkun varnaraðila á fjarskiptalögum nr. 107/1999 um að útgáfa rekstrarleyfa séu bundin við rekstur á fjarskiptaneti eða fjarskiptaþjónustu skv. 4. gr. 1. mgr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, sbr. 3. gr. 9. og 11. töl. Rekstur sóknaraðila, eins og honum er lýst í gögnum málsins, fellur ekki undir slíka starfssemi. Því á sóknaraðili ekki kröfu til rekstrarleyfis frá PFS vegna starfssemi sinnar. Synjun PFS um rekstrarleyfi var því réttmæt að lögum.

### **Úrskurðarorð:**

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 27. mars 2001 um að hafna umsókn Bellu símameyjar ehf. um símanúmerið 1313 og rekstrarleyfi er staðfest.

Úrskurð þennan þarf að bera undir dómstóla innan sex mánuða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Ólafur Axelsson hrl., formaður

Guðjón Kárason verkfræðingur

Heimir Haraldsson framkvæmdastjóri